

## FUNDARGERÐ STJÓRNAR

332. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins mánudaginn 03.03.2014, kl.07:30 á skrifstofu SORPU bs., Gylfaflöt 5.

**Mættir eru:**

Margrét Gauja Magnúsdóttir, Páll Hilmarsson, Karl Sigurðsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Hafsteinn Pálsson og Ómar Stefánsson. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, yfirverkfræðingur Bjarni G. P. Hjarðar og Sigríður Björg Einarsdóttir skrifstofustjóri.

**Tekið fyrir:**

**1. Ársreikningur 2013.**

Framkvæmdastjóri leggur fram drög að endurskoðuðum ársreikningi fyrir árið 2013. KPMG gerir fyrirvara í sinni áritun vegna þess að eignir endurvinnslustöðvanna hafa ekki verið afskrifaðar. Framkvæmdastjóri fer yfir og skýrir forsögu málsins. Stjórn staðfestir reikninginn og felur framkvæmdastjóra að hafa samráð við eigendur þar sem farið er yfir hvernig best er að halda utan um eignir sveitarfélaganna í endurvinnslustöðvunum.

**2. Samanburður reksturs og áætlunar 2013.**

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir samanburð rekstrar og áætlunar fyrir árið 2013. Í árslok 2013 er staða aðildarsveitarfélaganna við SORPU vegna rekstur endurvinnslustöðva neikvæð um kr. 8.721.895 miðað við áætlun. Mismunurinn verður reikningsfærður á sveitarfélögin.

**3. Gas- og jarðgerðarstöð**

Lögð fram niðurstaða Skipulagsstofnunar, dagsett 20. febrúar 2013, um að bygging gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfsnesi sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum framkvæmda.

**4. Staða á starfsleyfi urðunarstaðarins í Álfsnesi**

Framkvæmdastjóri og yfirverkfræðingur greina frá stöðu á útgáfu á starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn í Álfsnesi.

**5. Erindi frá SSH um kostnaðarþátttöku.**

Lagt fram erindi frá SSH, dagsett 10. febrúar 2013, um að SORPA bs. greiði kostnað vegna mats verkfræðistofnunar EFLU á hugsanlegri lyktarmengun frá fyrirhugaðri gas- og jarðgerðarstöð í Álfsnesi, samtals kr. 1.505.141,- án vsk. Stjórn samþykkir erindið.“

Lagt fram erindi frá SSH, dagsett 10. febrúar 2013, þar sem fram kemur ósk um kostnaðarþátttöku SORPU bs. vegna kynnisferðar um gas- og jarðgerðarstöð.


Málinu frestað til næsta fundar.

**6. Kærur ÓK Lögmanna f.h. Íslenska gámafelagsins til úrskurðarnefndar upplýsingamála.**

Lögð fram tvö bréf frá úrskurðarnefnd upplýsingamála vegna tveggja kæra frá ÓK Lögmönum f.h. Íslenska gámafelagsins. Annars vegar vegna kröfum aðgang að tilboði Efnamóttökunnar í móttöku og meðhöndlun spilliefna dagsett 12. febrúar 2014 og hins vegar vegna fjármögnunar á greiðslu sektar til Samkeppniseftirlits dagsett 14. febrúar 2013. Framkvæmdastjóra falið að svara erindunum.

**7. Siðareglur stjórnar.**

Kynnt drög að siðareglum stjórnar sem gera skal í samræmi við eigendastefnu. Málið rætt og frestað til næsta fundar.


  
 JH KS  
 Hly. MAM  
 BTJ 1 OS  
 B

**8. Aðalfundur / Ársfundur SORPU bs.**

Samkvæmd eigendastefnu SORPU bs. skal halda aðalfund og ársfund tengdan honum í apríl ár hvert. Stefnt er að því að halda ársfundinn í apríl og verður aðalfundur Metan ehf. samdægurs. Stjórnarformanni falið að fara með atkvæði SORPU á aðalfundi Metan ehf.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn mánudaginn 7.4.2014 klukkan 7.30.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 10.00.

Fundarritari Sigríður B.Einarsdóttir.

Margrét Grímur Magnúsdóttir  
Ómars Skáldóttir  
Bjarni Þórður  
Óskar Óskarsson  
Bjarni Þórður  
Bjarni Þórður